

Fimmtudaginn 17. apríl 1997.

Nr. 452/1996.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

~ gegn

Sigurði Hilmarí Ólasyni og

Sigurði Erni Sigurðssyni

(Róbert Árni Hreiðarsson hdl.)

Skoteldar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. desember 1996. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að ákærðu verði sakfelldir samkvæmt ákæru og dæmdir til refsingar auk þess að sæta upptöku á 13.144 skoteldum og tveimur kössum með skoteldum.

Ákærðu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Samkvæmt ákæru eru ákærðu saksóttir fyrir „óvarlega meðferð og ólöglega geymslu á skoteldum með því að hafa dagana 8.-12. desember 1995 geymt 13.144 skotelda og tvo kassa með skoteldum án tilskilins leyfis að Barónsstíg 2-4 í Reykjavík og þar á óhæfum geymslustöðum, fyrst í gámi á gangstétt og síðan í húsnæði, sem var án eldvarnarhólfa, bruna- og innbrotsviðvörunarkerfa og í næsta húsi við íbúðarhótel“. Er þetta þar talið varða við 1. mgr. 30. gr., sbr. 34. gr. laga nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda og 5. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 7. gr., sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 536/1988, um sölu og meðferð skotelda, sem sett var með stoð í 2. mgr. 30. gr. laganna.

Samkvæmt framangreindu er ákærðu ekki gefið að sök að hafa brotið gegn ákvæðum 9. gr. laga nr. 46/1977, þar sem lagt er bann við heildsöluverslun með skotelda án leyfis dómsmálaráðherra, svo og bann við smásöluverslun með þá án leyfis hins sama eða eftir atvikum lögreglustjóra, en samkvæmt 4. mgr. 10. gr. laganna verður slíkt leyfi því aðeins veitt, að umsækjandi hafi til umráða fullnægjandi húsnæði til að geyma skotelda. Í 1. mgr. 30. gr. laga nr. 46/1977,

sem ákærðu er meðal annars gefið að sök að hafa brotið gegn, er með almennum orðum lögð varúðarskylda á þá, sem fara með skotelda, en án nánari lýsingar á inntaki þeirrar skyldu. Af þessum sökum og með vísan til forsendna héraðsdóms um önnur ákvæði nefndra laga og reglugerðar, sem skírskotað er til í ákæru, verður ekki fallist á, að þau feli í sér viðhlítandi refsheimild vegna þeirrar háttsemi, sem ákærðu er gefið að sök. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins verður felldur á ríkissjóð, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu fyrir Hæstarétti, Róberts Árna Hreiðarssonar héraðsdómslögmanns, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. nóvember 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 19. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 627/1996: Ákærvaldið gegn Sigurði Hilmari Ólasyni og Sigurði Erni Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 11. s. m.

Málið er höfðað með ákæru lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettri 26. ágúst sl., á hendur ákærðu, Sigurði Hilmari Ólasyni, kt. 170855-396, Spítalastíg 5, Reykjavík, og Sigurði Erni Sigurðssyni, kt. 200571-533, Vallarbraut 11, Seltjarnarnesi, „fyrir óvarlega meðferð og ólöglega geymslu á skoteldum með því að hafa dagana 8.–12. desember 1995 geymt 13.144 skotelda og tvo kassa með skoteldum án tilskilins leyfis að Barónsstíg 2–4 í Reykjavík og þar á óhæfum geymslustöðum, fyrst í gámi á gangstétt og síðan í húsnaði, sem var án eldvarnarhólfa, bruna- og innbrotsviðvörunarkerfa og í næsta húsi við íbúðahótel.

Telst þetta varða við 1. mgr. 30. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda nr. 46/1977 og 5. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 7. gr., sbr. 8. gr. reglugerðar um sölu og meðferð skotelda nr. 536/1988, sbr. 2. mgr. 30. gr. og allt sbr. 34. gr. laganna.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til að sæta upp-töku samkvæmt 1. mgr., sbr. 3. mgr. 35. gr. skotvopnalaga og 69. gr. al-mennra hegningarlaga, á 13.144 skoteldum og tveimur kössum með skot-eldum, sem lagt var hald á við rannsókn málsins og eru að miklu leyti og gætu allir verið skemmdir og mjög hættulegir og óhæfir til sölu“.

Málavextir.

Flugeldar þeir, sem um ræðir í málinu, voru fluttir inn í desember 1994. Komust þeir í eigu ákærðu ári síðar, og 8. desember 1995 fluttu ákærðu vörugám með flugeldunum í frá geymslusvæði í Hafnarfirði á Barónsstíg, þar sem hann var settur niður á gangstétt við húsið nr. 2–4. Hafði ákærði Sigurður Örn fengið svonefnda framkvæmdarheimild hjá umferðardeild lögreglustjóraembættisins til þess að hafa gáminn þarna frá 8. til 11. desember. Hófust ákærðu handa um að bera flugeldana inn í húsnæði þetta, en það höfðu þeir tekið á leigu í þessu skyni. Ákærði Sigurður Hilmar sótti svo um leyfi til flugeldasölu 12. desember 1995. Sama dag urðu þó þeir atburð-ir, sem mál þetta er risið af, en þá hafði lögreglu og eldvarnaeftirliti verið tilkynnt um, að ekki væri allt með felldu um meðferð og geymslu vöru þess-arar. Fóru lögreglumenn og eldvarnaeftirlitsmenn á staðinn og könnuðu að-stæður. Var að boði lögreglu hafist handa við að flytja varninginn út í gám-inn aftur og því lokið daginn eftir. Var gámurinn þá fluttur á öryggissvæði Eimskips við Sundahöfn. Fékk lögreglan sprengisérfræðinga Landhelgis-gæslunnar til þess að kanna ástand varningsins 22. desember. Voru sýnis-horn af honum reynd. Niðurstaða þessarar athugunar var sú, að varningur-inn væri óhæfur til sölu. Lögreglumenn könnuðu aftur innihald gámsins í júní 1996, flokkuðu varninginn eftir margvíslegum tegundum sínum og töldu.

Vörugámur sá, sem hér um ræðir, er 40 fet á lengd úr 3–3,5 mm þykku stáli, 67,8 rúmmetrar, en 28,2 fermetrar að flatarmáli. Fyrir öðrum enda hans eru stáldyr, en gámurinn sneri hliðinni að húsinu, þar sem hann stóð á gangstéttinni. Að áli Guðmundar Gunnarssonar, yfirverkfræðings Bruna-málastofnunar ríkisins, er brunamótstaða gáma af þessari gerð talsverð, og til hliðanna er hún meiri en 30 mínútur og yfir lágmarkskröfu brunavarna-reglugerðar. Sé hættan af því óveruleg að geyma flugeldana í gáminum, meðan verið sé að losa hann, sé almennum öryggisreglum fylgt.

Húsnæðið, sem um ræðir, er ein hæð með háu risþaki nema neðsti hlut-inn, sem er tveggja hæða, og liggur með Barónsstíg frá útkeyrslu af lóðinni upp við Hverfisgötu niður að íbúðahótelinu, sem stendur á horninu við Skúlagötu. Milli geymsluhússins og íbúðahótelsins er steypur veggur, en opið er á milli geymsluhússins og annarra hluta og einnig upp á efri hæð.

Útveggir hússins eru steyptir, en þak er bárujárnsklætt sperruþak, sem borði er uppi af timbur- og stálburðarvirki, sem er einnig í milligólfinu.

Niðurstaða.

Ekki er að finna í lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda nr. 46/1977 neitt ákvæði, sem geri það leyfisskylt að fara með eða geyma skotelda. Aftur á móti er heild- og smásöluverslun með þennan varning háð leyfi lög-reglustjóra samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laganna. Er ákvæði þessu skipað í II. kafla þeirra undir heitinu framleiðsla, innflutningur, útflutningur og verslun. Í 4. mgr. 10. gr. laganna segir hins vegar, að verslunarleyfi með þessa vöru skuli bundið því skilyrði, að umsækjandi hafi til umráða fullnægjandi húsnæði til þess að geyma hana í. Ekki getur þetta ákvæði þó talist fullnægjandi heimild til þess að refska ákærðu fyrir að fara með og geyma leyfisslaust þá skotelda, sem málið snýst um, og 7. gr. reglugerðar um sölu og meðferð skotelda nr. 536/1988 telst ekki vera sjálfstæð refsheimild um þetta. Ber að sýkna ákærðu af ákæru að þessu leyti.

Í skotvopnalögum er ekki að finna ákvæði um það, hvernig geyma beri skotelda, og virðist það eiga undir mat lögreglustjóra og eldvarnaryfirvalda. Í fyrrnefndri reglugerð eru ekki önnur ákvæði um þetta en 2. mgr. 7. gr., þar sem segir, að skylt sé að hafa þar við höndina handslökkvitæki eða annan slökkvibúnað, sem kveðið er á um í reglum um brunavarnir. Eins og ákæru er háttað, reynir þó ekki á það atriði í þessu máli. Eins og skilja verður ákærana, er hin ólöglega geymsla ákærðu talin felast í því, að húsnæðið hafi verið án eldvarnarhólfa, bruna- og innbrotsviðvörðunarkerfa og í næsta húsi við íbúðahótel. Enda þótt fallist yrði á, að þessi lýsing á húsnæðinu í ákæru sé rétt, braut það ekki nein tiltekin ákvæði laganna um skotvopn, sprengiefni og skotelda né reglugerðarinnar um sölu og meðferð skotelda. Ber því að sýkna ákærðu af ákæru um ólöglega geymslu skoteldanna.

Í 30. gr. laganna, sem skipað er í V. kafla þeirra undir heitinu meðferð skotelda, segir í 1. mgr., að þeir, sem með skotelda fari, skuli ætíð gæta fyllstu varúðar, og samkvæmt 2. mgr. þeirrar greinar er dómsmálaráðherra heimilt að setja reglur um sölu og meðferð skotelda. Skilja verður hér orðin „að fara með“ og „meðferð“ þröngt og bókstaflega, en í ákæru er því ekki lýst, hvernig ákærðu hafi farið óvarlega með skoteldana. Ber því að sýkna þá af ákæru að þessu leyti.

Krafa verjandans í málflytningi um, að haldlagning skoteldanna verði dæmd ómerk, er utan við sakarefni málsins, og er kröfunni vísað frá.

Leggja ber allan sakarkostnað á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun verjanda, Róberts Árna Hreiðarssonar hdl., 40.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Sigurður Hilmar Ólason og Sigurður Örn Sigurðsson, eru sýknir af ákæru í máli þessu.

Sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun verjanda, Róberts Árna Hreiðarssonar hdl., 40.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.
